

**Austurbrú ses. – 8. stjórnarfundur
haldinn kl. 15, þriðjudaginn 4. september 2012
að Miðvangi 2-4 í fundarsal AFLs**

Mættir: Valdimar O. Hermannsson, Sigrún Blöndal, Sverrir Mar Albertsson, Skúli Björn Gunnarsson, Anna Dóra Helgadóttir, Arnbjörg Sveinsdóttir og Þórunn Eymundardóttir. Rögnvaldur Ólafsson boðaði forföll vegna sumarleyfis.

Dagskrá:

1. Fundargerðir stjórnar og framkvæmdaráðs
2. Fundarsköp og umgjörð stjórnarfunda
3. Kynning á samantekt fagráðs
4. Staða mála kynnt af framkvæmdaráði
5. Aðalfundur SSA
6. Aðkoma Austurbrúar að „Make it happen“ 25.-27. sept.
7. Ráðning framkvæmdastjóra
8. Kynning á stöðu Austurbrúar
9. Önnur mál

Formaður setti fund kl. 15.00 og gengið var til dagskrár.

1. Fundargerðir stjórnar og framkvæmdaráðs

Fundargerðir fjögurra framkvæmdaráðsfunda og 1.-7. stjórnarfundar staðfestar og undirritaðar.

2. Fundarsköp og verklagsreglur stjórnar

Skúli Björn og Sigrún lögðu fyrir fundinn og kynntu drög að reglum fyrir stjórn stofnunarinnar. Fundarmönnum gefst færi á að gera athugasemdir næstu daga en stefnt á að leggja fullmótaða tillögu fyrir næsta stjórnarfund til afgreiðslu.

3. Kynning á samantekt fagráðs

Janne Sigurðsson, formaður fagráðs kom inn á fundinn og gerði grein fyrir vinnufundi fagráðs sem haldinn var 16. ágúst sl. Heill dagur var tekinn í stefnumótunarvinnu og kynnti hún helstu niðurstöður þeirrar vinnu og afhenti stjórn prentuð gögn frá fundinum.

Meginniðurstaða fagráðsins var sú að stofnunin yrði hið fyrsta að fara í að móta sína stefnu og gera það með starfsfólki og skilgreindum viðskiptavinum. Fagráðið gæti komið að þeirri vinnu að vissu marki.

Valdimar þakkaði fyrir gögn og góða vinnu fagráðs. Hann sagði næsta skref hjá stjórn einmitt vera að ákveða hvernig farið yrði í stefnumörkun en þau mál hefðu verið sett í salt í júní. Janne yfirgaf fundinn að loknum þessum lið.

4. Staða mála

Sverrir gerði grein fyrir stöðu tæknimála, bæði varðandi tölvur og símkerfí. Stefnt er á að ljúka uppsetningu á þessum kerfum í september. Endanlegur kostnaður liggur ekki fyrir en málin hafa verið unnin áfram í nánú samráði við Önnu Dóru.

Sverrir lagði fram drög að samstarfsamningi milli Austurbrúar, Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu og Sveitarfélagsins Hornafjarðar um framhaldsfræðslu og þjónustu við fjarnema á háskólastigi. Samningurinn samþykktur án athugasemda.

Sverrir sagði frá hugmyndum um nýtingu á fjármagni frá Vinnumarkaðsráði sem er til reiðu hjá AFLi í rannsókn á vinnumarkaði á Austurlandi. Hann hefur rætt um samstarf við Háskólann á Akureyri um gerð könnunar sem meti breytingar á samsetningu fólks á vinnumarkaði síðustu árin á Austurlandi. Sverrir sagði AFL reiðubúið til að leggja þessa fjármuni í verkefni af þessum toga sem yrði unnið af Austurbrú í samstarfi við Háskólann á Akureyri. Stjórn taldi þetta áhugavert verkefni og fól Sverri að koma verkefninu af stað með starfsfólki stofnunarinnar.

Sverrir gerði grein fyrir starfsmannamálum en launamál eru komin í umræðu að nýju við starfsfólk. Framkvæmdaráði falið að vinna í launamálum út frá fyrri samþykktum stjórnar um launatöflu og taka tillit til fjárhagsstöðu stofnunarinnar í þeirri vinnu.

Sverrir þurfi að yfirgefa fundinn kl. 16.10.

Anna Dóra lagði fram yfirlit um rekstrarniðurstöðu greinda niður á „deildir“. Útlitið er ekki bjart og stefnir umtalsverðan halla á árinu miðað við hvernig staðan er nú í september. Ekki eru þó öll kurl komin til grafar og stjórn vonast til að heldur rætist úr en ljóst er að allar klær þarf að hafa úti til að afla fjár og passa útgjöldin.

Anna Dóra sagði einnig frá stöðu bókhaldsmála. Hún stefnir á að koma skýrum og skilvirkum vinnuferlum í gagnið hið fyrsta þannig að þau mál gangi smurt fyrir sig.

Valdimar gerði grein fyrir fundi sem hann og Finnbogi áttu með fulltrúum Nýsköpunarmiðstöðvar um samstarf. Stefnt er að því að ljúka samstarfssamningi milli Austurbrúar og NMÍ í september.

Valdimar sagði einnig frá fundi með fulltrúum ráðuneyta. Hið nýja Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti mun m.a. taka við því verkefni sem var vistað hjá forsætisráðuneyti og varðar fullvinnslu á ál- og fiskafurðum. Tengiliðir Austurbrúar hjá hinu nýja ráðuneyti vegna þess verkefnis verða þau Arndís Jóhannsdóttir og Elvar Knútur Valsson. Finnbogi er þegar farinn að vinna í verkefninu og verður í sambandi við ráðuneytið um það.

Valdimar gerði grein fyrir að búið væri að ganga frá samningi á Seyðisfirði um húsnæði og áframhaldandi viðræður væru á döfinni um miðstöð menningarfræða og viðræður við ríkið um NA-peninga.

5. Aðalfundur SSA

Aðalfundur SSA verður haldinn á Borgarfirði eystra 14.-15. september nk. Valdimar sagði að á fundinum væri gert ráð fyrir kynningu á Austurbrú og lagði hann til stutta kynningu frá stjórn en síðan yrðu fulltrúar sviðanna með stutta kynningu á sér og sínum málaflokki. Skúli Björn tekur að sér kynningu fyrir stjórn. Sverri falið að koma því til fulltrúa sviðanna að þeir eigi að vera með kynningar.

6. Aðkoma Austurbrúar að „MAKE IT HAPPEN“ 25.-27. september

Óskað hefur verið eftir skoðun stjórnar á því hvaða starfsmenn Austurbrúar taki þátt í ráðstefnunni „Make it happen“ og hvernig stjórnin muni koma þar að. Stjórnarmenn munu reyna að sitja ráðstefnuna eins og hægt er en stjórn leggur áherslu á að fulltrúar allra sviðanna taki þátt. Önnu Dóru og Sverri falið að koma þeim skilaboðum áleiðis og tryggja að menn skrái sig. Austurbrú greiðir þá þátttökugjöld þessara aðila.

7. Ráðning framkvæmdastjóra

Arnbjörg lýsti því yfir að hún byði fram krafta sína í framkvæmdastjórastöðu Austurbrúar ses. og myndi sækja um stöðuna þegar hún yrði auglýst.

Arnbjörg vék af fundi.

Valdimar sagðist hafa fundað með Þóri hjá Hagvangi um aðkomu þeirra að auglýsingu og ráðningu á nýjum framkvæmdastjóra. Hagvangur er tilbúinn til að gefa góðan afslátt á ferlinu í ljósi þess sem á undan er gengið.

Stjórnarmenn sammála að taka tilboði Hagvangs og auglýsa stöðu framkvæmdastjóra um næstu helgi ef mögulegt er.

Arnbjörg kom aftur inn á fundinn

8. Kynning á stöðu Austurbrúar

Formaður ætlar að gera drög að bréfi til að senda út á stofnaðila til kynningar á stöðu mála hjá stofnuninni. Drögin verða send á stjórn.

Arnbjörg þurfti að yfirgefa fundinn kl. 18.00.

9. Önnur mál

a) Ekki hefur tekist að halda áfram viðræðum við ríkið um húsnæðismál Austurbrúar tengd Vonarlandi en það er á döfinni. Valdimar leggur til að stjórn feli honum og Sverri að kalla fulltrúa ríkisins á fund hingað austur til að ræða möguleika varðandi Vonarland. Samþykkt.

b) IPA-styrkir

Valdimar gerði grein fyrir því að stjórn SSA hefði samþykkt að SSA myndi sækja um IPA-styrk en lagt til að Austurbrú myndi halda utan um á umsóknarferlið með aðkomu annarra ráðgjafa eftir þörfum. Samþykkt að Austurbrú taki þetta að sér.

c) Kostnaðarskipting milli SSA og Austurbrúar

Valdimar gerði grein fyrir því að hjá stjórn SSA hefði verið samþykkt að greiða 80% af starfsmanni til að vinna í sveitarstjórnarmálum auk sameiginlegs skrifstofukostnaðar fram að áramótum.

d) Menningarráð

Skúli Björn, Þórunn og Anna Dóra gerðu grein fyrir niðurstöðu vinnuhóps um menningarmálin. Hópurinn skilaði niðurstöðu um breytingar á samþykktum ráðsins til menningarráðs og hafa þær verið sendar út með aukaáðalfundarboði menningarráðs. Sá fundur verður haldinn í tengslum við aðalfund SSA þann 14. sept. Í nýjum samþykktum er kveðið skýrt á um ábyrgð og hlutverk menningarráðs og Austurbrúar í

menningarsamstarfinu og tekin af öll tvímæli um hvernig ráðið á að starfa eftir þessar breytingar og hverjar eru skyldur Austurbrúar í menningarstarfinu.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 18.16.

Skúli Björn ritaði fundargerð

Valdimar O. Hermannsson

Sverrir Mar Albertsson

Anna Dóra Helgadóttir

Arnbjörg Sveinsdóttir

Þórunn Eymundardóttir

Sigrún Blöndal